

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Grímsey



Dags eftirlits	9.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Bjarnason	Staðsetning	543743,502 671969,816

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða að bæta þarf skráningar í rekstrarhandbók og merkja geymi og lagnir skv. viðauka I í rg. 884/2017. Þrjár ábendingar voru settar fram um að merkingar vantar á spilliefnakar, að gæta þarf að olíusmit berist ekki yfir á malarplan við áfyllingarplan og að uppfæra þarf áætlun um rekstrarstöðvun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila við höfnina í Grímsey. Heimilt er að geyma allt að 60 m³ af olíu í stöðinni í einum geymi. Einnig er heimil móttaka á allt að 5 tonnum af úrgangsolíu. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2034.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Umgengni, aðkoma lóðar og skoðunarferð
- Önnur mál

Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2021 en ein ábending var sett fram er varðar vöktun vegna olíuóhapps. Engar stærri breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðustu vettvangsheimsókn aðrar en þær að nýr stöðvarstjóri hefur tekið við.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Einn láréttur, tvöfaldur geymir er í stöðinni og er áfyllingaplan steipt og með frárennsli tengt olíuskilju. Yfiryllingarvörn á geymi vísar að áfyllingaplani og komi til yfiryllingar geymis þá rennur það niður á áfyllingarplan og þaðan niður í olíuskilju. Bent er á að nokkuð olíusmit er að sjá á malarplani í kringum áfyllingarplanið og skal rekstraraðili gæta þess að olía berist ekki út frá planinu. Geymirinn var síðast botnþykktarmældur árið 2024. Ekki eru gerðar athugasemdir við áframhaldandi notkun hans. Verið er að setja upp hæðarmæli (radar) í geyminn og verður með því hægt að fylgjast betur með magninu í honum. Málað hefur verið yfir merkingar sem voru á geyminum skv. kröfum í viðauka I í rg. 884/2017 og er rekstraraðila bent á að bæta úr því. Einnig vantar merkingar á lagnir stöðvarinnar og er sett frávik þar um. Ekkert bensín er geymt í stöðinni.

Olíu er dælt frá Grímseyjarferjunni, um 100m leið og upp í geyminn. Lögn frá bryggju var síðast þrýstiprófuð í apríl 2021 og stóðst lögnin prófunina.

Leitað var eftir olíuleifum í frárennsli olíuskilju með Macherey-Nagel olíuprófi á meðan eftirlit fór fram og stóðst skiljan prófunina.

Rekstrarhandbók var til staðar og í lagi en nýjum stöðvarstjóra er bent á að kynna sér efni hennar betur og setja sig inn í þær kröfur sem við eiga skv. starfsleyfi og bæta skráningar. Mánaðarblöð voru send til eftirlitsaðila fyrir eftirlitið til yfirferðar. Þjónusta við olúskilju hefur ekki verið skráð á mánaðarblöðin og því dagsetningar þjónustu hennar óljósar. Frávik er sett þar um. Rekstraraðili sendir uppfærð umhverfismarkmið skv. gr. 2.1 í starfsleyfi til eftirlitsaðila að loknu sumarleyfum.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili hefur gilda ISO 14001;2015 vottun til janúar 2026.

Olíublautar tuskur og annar olúsmitaður úrgangur er settur í kar sem stendur við áfyllingaplan og síðan flutt til ODR Akureyri sem kemur því til spilliefnamóttöku. Ábending er sett fram um að karið er ekki merkt sem spilliefnaílát en rekstraraðili hefur óskað eftir nýju kari hjá Íslenska gámafélaginu. Ekkert stöðvarhús er á staðnum og nánast enginn annar úrgangur fellur til í stöðinni. Ísogsefni er til staðar í geymsluskúr en rekstraraðila var bent á að hafa einnig ísogsefni eða mottur til staðar við áfyllingaplan. Engin undantöppun er framkvæmd af olúgeyminum.

Gengið var um svæðið og áhrif óhapps sem varð þann í október 2020 skoðuð, er starfsmaður stöðvarinnar ók af stað með áfyllislönguna tengda við flutningstæki með þeim afleiðingum að olía fór um svæðið. Ekki var að finna olíulykt af jarðvegi og ekki sést brák á vatnsyfirborði neðan stöðvarinnar en þó má sjá merki um olíuna á klöppum neðan stöðvarinnar. Einnig var gengið niður að bryggju og löndunarlagnir skoðaðar. Stöðin var snyrtileg á að líta.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olúskiljur og yfirferð á virki olúskilja sbr. gr. 3.5. Þjónusta við olúskilju hefur ekki verið skráð í rekstrarhandbók.
Viðauka I í rg. 884/2017	Merkja skal geyma og lagnir skv. viðauka I í rg. 884/2017.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að kar fyrir olíublautan úrgang er ekki merkt sem spilliefnaílát en rekstraraðili hefur óskað eftir nýju kari hjá Íslenska gámafélaginu.

Ábending er sett um olíusmit á malarplani í kringum áfyllingarplanið og skal rekstraraðili gæta þess að olía berist ekki út af planinu.

Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi áætlun um rekstrarstöðvun skv. gr. 1.5 í starfsleyfi.


ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist, hvorki til rekstraraðila né eftirlitsaðila vegna starfseminnar og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.07.2024



Guðbjörg Stella Árnadóttir

